

Jón I. Bjarnason



Jón I. Bjarnason var fæddur í Álfadal á Ingjaldssandi þann 8. júní 1921. Kona hans var Lilja Mariusdóttir, dóttir Vigdísar Eyjólfsdóttur (bróðurdóttir Guðbjargar) sem alin var upp hjá Þuríði ömmu sinni í Múlakoti.

Jón var ritstjóri blaðs Kaupmannasamtaka Íslands, Verslunartíðinda, til dauðadags eða í tvo tugi ára. Hann var jafnframt mikill útivistarmaður og einn stofnandi ferðafélagsins Útivistar og flutti erindi og skrifaði greinar og ljóð um mannlífið og náttúruna. Hann lést fyrir aldur fram 61 árs, þann 10. febr. 1983.

Erindi flutt af Jóni I. Bjarnasyni, í útvarpi, um ferð Lilju Túbals og Jóns Guðjónssonar heim í Múlakot 1935.

Jólaheimsókn í Múlakot 1935

Góðir tilheyrendur.

Markarfljót fellur úr miklum dal, sem ýmsir telja að áður fyrr hafi heitið Fljótisdalur. Nú ber innsti bær í Fljótshlíð þetta nafn, en hlíðin í heild er kennd við fljótið, - Fljótshlíð. Markarfljót er vatnsmikið jökulfljót, enda samsafn fjölmargra vatnsfalla sem flest koma undan jökli, og munar þar mest um Krossá, en hún sameinast því á aurunum framan við Merkurrannann í Þórsmörk.

Þverá fellur vestur með Fljótshlíð og áfram um Rangárvelli eystri. Gegnt Fróðholti kemur Eystri-Rangá í hana og falla þær svo áfram um fjögurra kílómetra vegalengd, þar til þær sameinast einnig Ytri-Rangá. Þessar ár allar mynda svo stórana Hólsá, sem rennur til útsuðurs allt til sjávar, og er um tíu kílómetra löng.

Áður en fyrirhleðslugarðarnir við Markarfljót voru reistir féll mikið vatnsmagn úr því í Þverá, svo að hún var stórfljót og oft ill yfirferðar. Eyddi hún mjög gróðurlendi og túnnum Fljótshlíðinga, svo að við auðn lá. Hún tók einnig toll í mannlífum og

búpeningi. Eftir að stíflugarðarnir komu til sögunnar fellur ekkert jökulvatn úr Markarfljóti í Þverá, og er hún nú sem fyrrum samsafn tærra fjallalækja og bergvatnsáa og liðast sakleysisleg og tær um aurinn með eyrarrós og puntstrá við bakka.

Affall skiptir löndum milli Austur- og Vesturlandeyja, en það er kvísl úr Þverá. Svipaða sögu er að segja um það og Þverá, - það eyddi mjög gróðurlendi áður en hlaðið var fyrir við Markarfljót.

Innan ramma þess mikla flatlendis sem afmarkast af Markarfljóti í austri, Þverá í norðri, Hólsá í vestri og hafinu í suðri, liggur stærsta óshólmasléttu Íslands, Landeyjar. Baksviðið er stórbrotið: Eyjafjöll, Eyjafjallajökull, Tindfjöll, Tindfjallajökull, Fljótshlíð og Þríhyrningur.

Hér er söguvið Njálu: Bergþórshvoll á vesturbakka Affallsins, mitt í Landeyjunum. Hlíðarendi mitt í Fljótshlíðinni, örskammt frá Þverá, og Mörk spölkorn frá austurbakka Markarfljóts. Héðan ýtti Kolskeggur frá landi, og hér sneri Gunnar aftur.

Nú hefur tálmun og landbroti vatnanna verið aflétt, og enn er mikið gróið og gróskuríkt land í Gunnarshólma, en sárin eftir áreitni og atgang þeirra eru enn víðast ógróin, og svartir sandar þar sem að áður akrar huldu völl. Þó hefur mikil uppgræðsla og ræktun átt sér stað. Milli sandanna hjúfrast bændabýlin. Ýmist eitt og eitt eða nokkur saman í hverfum, og fóstra mannfólk og menningu kynslóð af kynslóð. Hér hafa mikil örlög ráðist. Héðan er hinn sífrjósi safi í mörgum dýrmætustu verkum okkar í skáldskap og listum runninn. Hingað liggja rætur margra okkar fremstu manna á flestum sviðum þjóðlífsins fyrr og seinna. En saga þess mannlífs sem var baksvið afreksmannanna og afreksverkanna er að mestu óskráð, og verður það trúlega, - saga alþýðunnar sem gekk ótrauð til fangbragða við óvægin náttúruöfl og vann afreksverk sín í kyrrþey, og utan sviðsljóss umheimsins.

Víkjum nú til ársins 1935, að Svanavatni í Austur-Landeyjum. Svanavatn hét áður Efri-Vatnahjáleiga og stendur á vesturbökkum Ála, sem eru kvíslar úr Markarfljóti og voru oft vatnsmiklir og illir yfirferðar, áður en fyrirhleðslan við Markarfljót var gerð. Það er aðfangadagur jóla og hjónin á Svanavatni, Lilja Túbals og Jón Guðjónsson, eru ferðbúin með þrjá til reiðar. Ferðinni er heitið í Múlakoti í Fljótshlíð, en þar bjuggu þá foreldrar Lilju, Guðbjörg Þorleifsdóttir og Karl Túbal Magnússon. Höfðu þau hjónin farið í jólaheimsókn að Múlakoti hvern aðfangadag, síðan þau byrjuðu búskap á Svanavatni. Vanalega fóru þau stystu leið, sem liggur upp með Álum og inn Gunnarshólma, inn hjá Dímon og þar uppyfir Markarfljótsaura, og yfir Þverá einhvers staðar á svæðinu milli Hlíðarendakots og Múlakots. Þarna innfrá var Þverá svo straumpung að hún fór að jafnaði ekki á ís nema í langvarandi frosthörkum. Utar í Hlíðinni fór hún miklu fyrr á ís, enda var straumhraðinn þar minni.

Veðurfari var þannig háttað þennan aðfangadag að frostharka hafði staðið í tvo daga. Jón hafði því símasamband við Jóhann bónda í Teigi í Fljóthlíð, og spurðist fyrir um ástand Þverár. Sagði Jóhann honum að áin væri komin á ís á móts við Aurasel, Teigsmenn hefðu farið yfir hana þar með fé daginn áður, á Þorláksmessu. Að vísu væri ísinn ekki traustur enn þá. Þyrfti að fara með gát, og hafa góða vatnastöng til að kanna ísinn með.

Jón ákvað að fara um Aurasel, þótt sú leið sé nokkuð lengri, en hún mun vera 26 kílómetrar. Fannst honum það tilvinnandi, heldur en þurfa að bleyta hesta sína í ánni, því frost var mikið, um 16 stig á celsíus. Aurasel var býli á milli vatna, sem kallað var, og stóð á syðri bakka Þverár. Bóndinn þar, Ágúst Kristjánsson, var mikill vatnagarpur, alinn upp á árbakkanum og þekkti því duttlunga Þverár manna best. Þeim hjónum var nú ekkert að vanbúnaði. Þau höfðu þrjá stríðalda gæðinga til reiðar, allt vana vatnahesta, því Jón var alvanur vatnamaður, og hafði um mörg sumur flutt ferðafólk yfir Markarfljót inn á Þórsmörk, frá Múlakoti. Vatnastöng höfðu þau meðferðis, og var allur útbúnaður þeirra hinn traustasti. Þau riðu úr hlaði á Svanavatni um klukkan tvö og komu að Auraseli um klukkan hálf fjögur. Ætlaði Jón að spyrja Ágúst bónda um ísinn á ánni en hann var þá við hús að gefa fé sínu, en þau voru svo langt frá bænum að of mikil töf var að fara þangað, því myrkrið var að skella yfir. Guðbjörg Guðjónsdóttir, kona Ágústar, staðfesti að Teigsmenn hefðu farið yfir ána daginn áður, á móts við Aurasel, en hún sagðist ekki vita til þess að farið hefði verið yfir hana síðan. Þau hjón héldu nú áfram ferðinni. Stilla var á og orðið nokkuð rokkið, en þeim skilaði vel áfram, því sléttur aurinn var frosinn, reiðfæri gott, og hestarnir viljugir. Komu þau brátt að ánni, en þar var ekki efnilegt yfir að líta: Ólgandi vatnsflaumur landa á milli, um þriggja kílómetra vegalengd. Grunnstingull hafði myndast á botni árinna, svo að vatnið fékk ekki framrás undir ísnum en flóði ofan á honum. Nú voru góð ráð dýr, skammdegismyrkrið fór í hönd, áin ófær, og heima í Múlakoti var beðið með óþreyju eftir jólagestunum.

Mjög áhættusamt er að fara veikan ís, þegar mikill vatnsflaumur rennur yfir hann. Hann getur brotnað á augabragði og skriðið fram og þarf þá ekki að binda um þá fætur, sem fyrir honum verða. Leist þeim hjónum ekkert á blikuna, en þótti hins vegar heldur ekki gott að þurfa að snúa við heim á leið aftur.

Jón var kappsfullur og vanur að glíma við vötnin og hafði oft þreytt fangbrögð við Þverá. Hann vissi að hestarnir voru traustir, en þrír kílómetrar á veikum ís í svarta myrkri og bullandi vatnsflaumi var heldur enginn skeiðsprettur. Myndi ísinn halda? Myndu hestarnir krókna? Myndi konan hafa kjark til þess að aðstoða hann með hestana? – Hver hugsunin rak aðra. Í fjarska dökknaði Hlíðin við ljósan vesturhimininn, með jólaljósin tendruð á hverjum bæ. Hann ákvað að halda út á ísinn. Hjálpaði konu sinni í hnakkinn, lagði taumana í hendur henni, tvíhenti vatnastöngina

og óð út í vatnsflauminn. Vatnið ofan á ísnum reyndist vera frá hné og upp í mitt læri. Nú var allt undir því komið að kanna ísinn nógu örugglega, en það var miklum erfiðleikum bundið vegna vatnsflaumsins. Ísinn reyndist nokkuð traustur, en víða voru þó afætur, sem krækja varð framhjá. Nú kom vatnastöngin að góðu gagni. Jón kannaði með henni nokkra metra í einu, og lét svo konu sína koma með hestana. Þeim miðaði örugglega áfram og allt virtist ætla að ganga að óskum og nú var aðeins síðasti állinn eftir.

Svo háttar til þarna að rétt vestan við Ormskot rennur Kvoslækjará í Þverá, en hún er tær fjallalækur og ekki vatnsmikil. Jón fór nú að kanna þennan síðasta spöl, sem eftir var til lands. Hann komst fljótt að raun um að þar var enginn ís, állinn var fullur til botns af krapí úr Kvoslækjará. Krapíð reyndist vera svo þykkt, að það var manntyllingur og dýpið reyndist vera í geirvörtur á manni eða í herðatopp á hesti. Hér var sannarlega erfiður farartálmi og úr vöndu að ráða. Honum var ljóst að sá sem sykki í órutt krapíð sæti fastur og gæti sig hvergi hreyft og engin von um björgun. Útilokað var að sitja á hestinum meðan hann brytist um í krapinu. Ekki var um það að ræða að snúa til baka, því hestarnir voru orðnir kaldir og slæptir eftir nær tveggja tíma slark í jökulvatninu. Mátti heita að þeir væru í einni klakabrynju, því frostið var svo mikið að allar slettur frusu jafnóðum. Állinn var um 25 metra breiður og þótt hestarnir væru traustir, var tvísýnt að þeir gætu brotist í gegnum svona þykkt krap þetta langa leið. Jón treysti fyrst og fremst á einn hestinn, sem hann var búinn að nota í sex ár í vatnaslark, meðal annars í fylgdir yfir Markarfljót inn á Þórsmörk. Hestur þessi var stólpagripur og alveg sérstakur vatnahestur. Hann var æfður í því að brjóta niður skarir, þannig að hann stóð á afturfótunum og barði skarirnar niður með framfótunum. Nú var eina vonin að hann gæti rutt braut fyrir hina hestana gegnum krapíð yfir álinn, með því að Jóni tækist að teyma hann án þess að sökkva sjálfur og festast í krapinu.

Sem fyrr sagði var krapíð í álnum manntyllingur og þurfti Jón því ekki að vaða fyrstu ferðina. Hann setti langan taum á hestinn og teymdi hann út í álinn. Gerðist þar harður atgangur. Hesturinn prjónaði og barði krapastorkuna sundur með framfótunum. Braust hann um fast og lengi og komst um það bil hálfra leið yfir álinn, en hætti þá og virtist vera þrotinn að kröftum. En eftir skamma stund byrjaði hann að brjótast um aftur og í þriðju lotu tókst honum að brjótast í gegn og ná landi, en var þá orðinn mjög þrekaður. Tók Jón nú það ráð að vaða slóðina eftir hestinn til baka og ryðja hana þannig betur, og náði krapíð honum í geirvörtur. Teymdi hann svo hvern hestinn af öðrum yfir og óð fyrir þeim. Gekk það allt vel. Því næst sótti hann konu sína, og bar hana á háhesti, en þrátt fyrir það vöknadi hún í fætur þótt hún væri í hnéháum stígvélum. Þá sótti hann hnakkana en þeim hafði hann sprett af hestunum til þess að létta fyrir. Var nú öllu á land skilað, og hafði Jón þurft að vaða átta sinnum

yfir álinn með krapaelginn í geirvörtur, en þau voru búin að slarka í ánni hátt á fjórða klukkutíma.

Héldu þau nú heim að Ormskoti og fengur þar góðar viðtökur. Voru stökkfrosin vosklæðin dregin af Jóni og var hann svo færður í hlý ullarföt og hitnaði honum fljótt. Hestarnir voru settir í hús til þess að þíða af þeim mesta klakann og gefa þeim heytuggu. Eftir að þau höfðu fengið þessa góðu aðhlyningu í Ormskoti, héldu þau aftur af stað og riðu greitt heim að Múlakoti og var það rúmlega hálf tíma ferð. Urðu nú miklir fagnaðarfundir því þegar heimilisfólkið í Múlakoti fór að lengja eftir þeim hjónum, hafði það hringt að Teigi og spurst fyrir um ána, og var þá sagt að áin væri með öllu ófær. Svo mikið vatn flyti yfir ísinn að meðan bjart var hefði áin verið eins og hafsjór yfir að líta. Það að auki væri þykkur krapelgur til botns í álum næst landinu og kæmist enginn yfir ána sem stæði nema fuglinn fljúgandi. Teigsmenn hefðu ekki komist fram yfir, til þess að gegna fé sínu sem þeir höfðu þá fyrir framan á, fram á aur. Áin væri alls staðar skarpófær.

Að öllu eðlilegu áttu þau hjón að vera komin í Múlakoti klukkan fimm, en nú var klukkan langt gengin í tíu, var því ekki óeðlilegt að þau þættu heimt úr helju. Vék nú sá ótti og kvíði, sem legið hafði eins og mara á fjölskyldunni í Múlakoti og varð þetta aðfangadagskvöld eitt það ánægjulegasta og eftirminnilegasta frá þessum árum, þrungið fögnuði og þakklæti yfir giftusamlegri för þeirra hjóna við svona erfiðar og hættulegar aðstæður að með ólíkindum var.

Þökk fyrir áheyrnina.



Lilja Túbals, Valgerður, Halldóra Lilja og Jón Guðjónsson (Mynd tekin 1959)



Nöfnurnar Guðbjörg Lilja, kölluð Lillý (dóttir Ólafs og Láru) og Guðbjörg Lilja, kölluð Lilja (dóttir Mariusar og Vigdísar)